

FW: Strandverðir Íslands - kveðja frá Veraldarvinum

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Birgir Gunnarsson
Heiti : FW: Strandverðir Íslands - kveðja frá Veraldarvinum
Málsnúmer : 2020100106
Málsaðili : Veraldarvinir, áhugamannafélag
Skráð dags : 29.10.2020 09:17:31
Höfundur : Birgir Gunnarsson

Viðhengi [Strandverðir Íslands - kynning.pdf](#)[Strandverðir Íslands - kynning.pdf](#)
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Kynnum þetta verkefni fyrir bæjarráði.

Kær kveðja,

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri

450 8024 – 897 3464 - birgir@isafjordur.is

From: Veraldarvinir [mailto:veraldarvinir@veraldarvinir.is]

Sent: fimmtudagur, 29. október 2020 09:04

To: Birgir Gunnarsson

Subject: Strandverðir Íslands - kveðja frá Veraldarvinum

Góðan dag Birgir

Hér meðfylgjandi er lýsing á verkefni sem ber heitið **“Strandverðir Íslands”** og felst í hreinsun strandlengju Íslands næstu fimm árin.

Hugmyndin er að mynda hópa af strandvörðum um allt land sem hafa það hlutverk að viðhalda ströndum landsins þegar búið er að hreinsa þær almennilega með stórum flokkum erlendra og íslenskra sjálfbóðaliða. Við viljum bjóða íbúum Ísafjarðar að taka þátt í þessu verkefni næstu árin. Strandlengja ykkar er um 627 km löng þannig að okkur sýnist að best sé að hreinsa hana á þremur árum.

Ætlunin er einnig að nýta þetta verkefni til þess að auka umhverfisvitund almennings með þátttöku sem flestra íbúa, fyrirtækja, skóla og gesta. Strandlengjan verður mynduð með drónum og gagnvirkt kort útbúið þar sem auðvelt er að skoða stöðu verkefnisins á hverjum tíma. Leitast verður við að endurnýta eins mikið af plasti eins og hægt er og verður því safnað saman í geymsluhúsnæði í hverjum landsfjórðingi fyrir sig, hreinsað og síðan endurunnið.

Við gerum ráð fyrir að verkefnið verði að mestu leyti fjármagnað af aðgerðaráætlun Umhverfissráðuneytis í plasmálefnum sem ber heitið **“Úr viðjum plastsins”** og styrkjum frá fyrirtækjum heima og erlendis.

Aðalmiðstöð þessa verkefnis á landsvísu er gamla símstöðin á Brú í Hrutafirði sem liggur vel landfræðilega séð gagnvart flestum landshlutum auk þess sem önnur hús Veraldarvina á Stöðvarfirði og Raufarhöfn verða nýtt undir verkefnið. Við erum einnig að leita að hentugu húsnæði á Suðurlandi og Vestfjörðum.

Ef þið hafið áhuga á að taka þátt í þessu verkefni þá endilega svarið þessum pósti og ég verð í sambandi við ykkur.

Hér er tengill inn á nýjasta fréttablað Veraldarvina þar sem meðal annars er fjallað um hreinsun strandlengjunnar [fréttablað Veraldarvina október 2020](#) og umfjöllun um hreinsun á Ströndum en þar höfum við verið á fullu við hreinsanir í sumar og erum reyndar enn [Strandir september 2020](#)

STRANDVERÐIR ÍSLANDS

Strandverðir Íslands hér stoltir við erum,
á stórgrýttri fjörunni ábyrgð við berum,
að þrífa og hreinsa er það sem við gerum
því þörfin er mikil í dag.

Hjá landsmönnum ætlum við orku að finna
er umhverfismálunum viljum við sinna
við þokum því áfram sem þarf hér að vinna
þjóðinni allri í hag.

Með mengun nú steðjar að ströndinni vandi,
já, stórkostleg sóun á fallegu landi
er finnum við ruslið í fjörunnar sandi,
það farg sem í hafdjúpið sökk.
Hér Strandverðir mæta nú staðreyndum köldum
af stjórnlausri græðgi á umliðnum öldum
því hérna er mengun af mannanna völdum
og myndin er sorglega dökk.

Mót hrakspánum upp verður herör nú skorin,
með hreinsun í fjörum skal upprættur sorinn
og brátt verður ströndin svo blómleg á vorin
og brosir mót hækkandi sól.

Það er einsog náttúran hefndunum hótí
er hér vilja Strandverðir spyrna á móti.
Við ætlum með fegurð í fjörunnar grjóti
að finna hið indæla skjól.

Bestu kveðjur

Þórarinn Toti Ívarsson

framkvæmdastjóri

Sími + 354 6666 222

E-mail: toti@veraldarvinir.is

www.strandverdir.is

<https://www.facebook.com/WFveraldarvinir/>



Veraldarvinir

Brú 500 Staður

Tel: +354 868 23 24

E-mail: veraldarvinir@veraldarvinir.is www.veraldarvinir.is

“Strandverðir Íslands – saman erum við sterkari”